

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um bústofn til eignar í skattframtali 2024.

Eignamat í árslok.

Samkvæmt 2. tl. 73. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal telja búpening til eignar með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 213/2001, um skattalega meðferð á bústofnbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði, skal færa bústofn allan í ársbyrjun á bústofnsskýrslu með því verði sem ríkisskattstjóri ákveður, sbr. framangreint.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið eftirfarandi mat á búpeningi í árslok 2023, álagningarárið 2024, vegna bústofnsskýrslu fyrir það álagningarár:

| | kr. |
|---|---------|
| Mjólkurkúr | 152.000 |
| Holdakúr og naut | 160.000 |
| Kvígur, 1½ árs og eldri | 135.000 |
| Geldneyti | 79.000 |
| Kálfar, yngri en ½ árs | 15.000 |
| Ær og sauðir | 8.400 |
| Hrútar | 20.000 |
| Gemlingar | 12.500 |
| Geitur | 12.000 |
| Hross á 14. vetri og eldri | 24.000 |
| Hross á 5. – 13. vetri | 55.000 |
| Fulltamin reiðhross á 5. – 13. vetri | 240.000 |
| Önnur nýtanleg reiðhross | 135.000 |
| Verðlaunahross á 5. – 13. vetri | 390.000 |
| Kynbótahestar á 5. – 13. vetri | 520.000 |
| Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri | 660.000 |
| Tryppi á 2. – 4. vetri | 18.000 |
| Fölöld | 13.000 |
| Hænsni, eldri en 6 mánaða | 1.150 |
| Varphænsni 6 mánaða og yngri | 785 |
| Kjúklingar | 335 |
| Endur | 1.180 |
| Gæsir | 2.360 |
| Kalkúnar | 3.540 |
| Gyltur | 53.000 |
| Geltir | 77.000 |
| Grísir | 14.000 |
| Kanínur | 5.500 |
| Minkar: Karldýr | 5.400 |
| Kvendýr | 3.600 |
| Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri | 0 |

Reykjavík, 11. desember 2023.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.